

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur

b.t. Kristófers Arnars Tómssonar, sveitarstjóri

Takk fyrir fróðlegan og góðan kynningarfund í vikunni.

Eins og ég sagði frá á fundinum er ég að vinna fyrir fyrirtækið Sagaz sem starfað hefur í fjörutíu ár og á tíu ára fresti gefið út merkilegar heimildir um atvinnuhætti og menningu á Íslandi. Nú er söfnun heimilda á lokastigi vegna ársins 2020.

Um það bil 80% af sveitarfélögum landsins hafa þegar ákveðið að vera með, til kynningar á starfsemi viðkomandi sveitarfélagsins. Í útgáfu þessara heimilda sem bæði kemur út í sex binda bókaformi og á rafrænan hátt. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands sagði við síðustu útgáfu þessara merku heimilda að þetta væri í raun: „Aldarspegill lands og þjóðar.“ Hann sagði einnig: „Að það væri hollt hverri þjóð að þekkja sína sögu og skoða hana í spegli nýrrar aldar.“

Við skráningu í ritverkið Ísland 2020, atvinna og menning er boðið uppá fjórar gerðir af greinum, heilsíðu opnu, fjórar síður og sex síður. Árleg uppfærsla á vef eftir útgáfu er kr. 20.000.

Heilsíðu grein er kr. 268.000 án vsk.

Opnu grein er kr. 357.000 án vsk.

Ég tel það feng, bæði fyrir sveitarfélagið og útgáfu þessa heimildarrits ef sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur tæki þátt í útgáfu þessa rits, eins og öll sveitarfélögá höfuðborgarsvæðinu og víðar á landinu hafa nú þegar ákveðið að gera.

Með von jákvæð svör sem fyrst.

Reykjavík 19. mars 2021

f.h. Íslands atvinnuhættir og menning,

Ísólfur Gylfi Pálmason.

isolfurgp@gmail.com